

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Þórðarsyni f. h. dánarbús Óskars Magnússonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga VE 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1952.

Nr. 76/1951. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Ármanni Óskari Guðmundssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Ákæra um manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti kvað upp héraðsdóminn.

Þegar ákærði sá telpur hlaupa út úr búðinni í húsinu nr. 11 við Bárustíg og yfir gangstéttina að bíl hans, hefði hann, eins og á stóð, átt þegar að hemla og reyna með þeim hætti að afstýra slysi. Þetta gerði ákærði ekki, og varðar sú vanræksla hann refsingu samkvæmt þeim ákvæðum bifreiðalaga og umferðarlaga, er getur í hinum áfrýjaða dómi. Þegar litið er til þess, hversu skyndilega telpurnar hlupu úr búðinni og að bílnum, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærða hefði tekizt að afstýra slysinu, þótt hann hefði hemlað. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 7 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ármann Óskar Guðmundsson, greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 15. maí 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 7. þ. m., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu með stefnu, útgefinni 16. apríl s.l., á hendur Ármanni Óskari Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Steinum, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn bifreiðalögum nr. 23/1941, umferðarlögum nr. 24/1941 og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Ármann Óskar Guðmundsson, er fæddur 28. maí 1913 að Hóli í Vestur-Landeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

Vestmannaeyjum.

1932 23/6 Sátt: 20 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar sinnar.

Tildrög málsins eru þessi:

Kl. 1 e. h. fimmtudaginn 21. desember s.l. ók ákærði bifreið sinni V-76 heimanað frá sér og ætlaði upp á Hásteinsveg. Ók hann vestur Heimatorg, þaðan vestur Miðstræti og beygði síðan til vinstri handar inn á Bárustíginn. Kveðst hann hafa ekið á ca 15 km hraða, miðað við klukkustund, en þó kveðst hann ekki geta tilgreint hraðann nákvæmlega, því hann leit ekki á hraðamælinn. Bifreið ákærða er Fargo-vörubifreið, 220 cm breið, og þyngd hennar um 3600 kg. Bifreiðin var tóm í umrætt skipti. Hún hefur 5 áframgíra, og ók ákærði á 3. gír. Kveðst hann hafa á leiðinni ætlað sér að skipta í 4. gír, en vélin var þá svo köld, að hún vann ekki í þeim gír, enda hafði bifreiðin ekki verið í notkun síðustu tvo dagana á undan. Er hann kom inn á Bárustíginn, ók hann upp veginn á sama hraða og áður í 3. gír í ca 50 cm fjarlægð frá vinstri gangstéttarbrún. Ók hann fast upp við göturennuna, en hún er þarna 49—50 cm breið. Engin bifreiðaumferð var á veginum, en eitthvað af fólki var

þar á ferli. Er ákærði ók fram hjá búðinni á Bárustíg 11, stóð hún opin, og sá hann, að fólk var þar inni. Er hann var undan búðardyrnum, þannig að sæti bifreiðarstjórans var komið framhjá búðardyrnum, en hins vegar ekki afturendi bifreiðarinnar, sá hann telpurakka koma hlaupandi út úr búðardyrnum og fram á gangstéttina. Síðar sagðist honum svo frá, að hann taldi, að hann hefði séð tvær telpur koma út úr búðinni, og hefði önnur þeirra hoppað yfir þröskuldinn á fullri ferð. Kvaðst hann hafa haldið eða reiknað með, að telpurnar yrðu „friar“ við bifreiðina, og ekið áfram á óbreyttum hraða. Síðar, eftir að mál var höfðað, breytti hann framburði sínum að þessu leyti á þá leið, að hann hefði talið sig ugglausan um, að telpurnar slyppu við bifreiðina, og hafi hann því ekki klossbremsað, sem hann kvað sig annars mundu hafa gert. Strax á eftir hægði hann á ferðinni og leit aftur til þess að aðgæta, hvað orðið hefði af telpunum, en sá þær þá ekki og hemlaði því bifreiðina og fór út. Sá hann þá telpu liggjandi á gangstéttinni rétt sunnan við búðardyrnar, ca hálfa bifreiðarlengd fyrir aftan bifreið sína. Varð ákærða þegar ljóst, að hún hafði orðið fyrir bifreið hans. Telpa lá úti á gangstéttarbrúninni, og lafði höfuð hennar ofan í götu-rennuna. Hún var meðvitundarlaus, og rann blóð úr höfði hennar. Í þessu bili bar þarna að Björn Júlíusson læknanema, og tók hann telpuna og bar hana inn í bifreið ákærða. Ók ákærði síðan með hana upp á sjúkrahús. Telpa var Guðbjörg Ósk Guðjónsdóttir frá Landamótum, rúmlega 7 ára gömul, fædd 27. júlí 1943.

Er komið var með telpuna á sjúkrahúsið, var hún strax athuguð af lækni, og samkvæmt vottorði hans var telpan þá meðvitundarlaus, allblóðug í framan, blæðing út um nef og munn, vinstra augað blátt og bólgið (retrobulær blæðing). Pupillurnar voru aflangar (anisocoria), hægra lærbein brotið ofan til. Röntgenmynd sýndi bresti í vinstra gagnauga, augnatóft og clivus. Eftir að telpan kom á sjúkrahúsið, lagaðist andardrátturinn og púls, en var þó óreglulegri og örari en vera átti, og brátt fór að bera á krömpum. Gert var að brotnum, og stimulantia gefin og physilog. saltvatn og glucose. Púls virtist batna í bili og andardrátturinn, en kramparnir hættu ekki, heldur jukust, er á leið nóttina, og vaknaði telpan ekki aftur, en dó um morguninn eftir að hún kom á sjúkrahúsið.

Dánarorsök taldi læk'nirinn þessa: Fractura baseos cranii. Comotio cerebri. (Fractura femoris dext.).

Um nánari atvik að slysinu liggja fyrir þessar upplýsingar:

Ágústa Pétursdóttir, Vesturvegi 5B, 7 ára gömul, skýrði svo frá, að eftir hádegisð umræddan dag hafi hún og Guðbjörg Ósk og Sigrún Pétursdóttir, sem er 6 ára, farið inn í búðina á Bárustíg 11 í því skyni að taka þar við dagblöðum til sölu. Blóð fengu þær engin, og hlupu þær síðan út, og fór Guðbjörg Ósk fyrst, næst fór Sigrún, en vitnið var síðast. Er hún var að koma út úr dyrunum, sá hún, að Guðbjörg Ósk lenti utan í bifreið, sem ók upp Bárustíginn fast við gangstéttina. Virtist henni, að Guðbjörg Ósk hlypi á bifreiðina. Hafi hún tekizt á loft og kastazt upp

eftir gangstéttinni og fallið niður á gangstéttarbrúnina rétt fyrir ofan. Sigrún litla hafði þá hlaupið áfram yfir götuna og vitnið á eftir. Fóru þær heim að Landamótum, þar sem foreldrar Guðbjargar búa, og fór Sigrún þar inn og sagði, að Guðbjörg væri dái. Vitnið sá síðan, að Guðbjörg var tekin upp af götunni og borin inn í bílinn.

Sigrún Pétursdóttir, Heimagötu 20, sem er 6 ára, eins og áður er getið, skýrði á líkan veg frá og Ágústa Pétursdóttir. Kvaðst hún hafa farið með föður sínum niður í bæinn og að Landamótum til þess að hitta Guðbjörgu Ósk, en þær voru leiksystur. Hafi þær síðan farið inn í búðina á Bárustíg 11 og ætlað sér að fá þar blöð til þess að selja á götunni, en fengu þar engin. Hafi þær síðan farið út og farið hart, því þær hlupu. Hvor þeirra var á undan, kvaðst hún ekki geta sagt um. Bifreið hafi komið upp götuna og verið á móts við búðardyrnar, er þær komu út. Hafi Guðbjörg orðið fyrir bifreiðinni, en hvernig það atvikaðist, kvaðst hún ekki geta gert sér grein fyrir. Kvaðst hún strax hafa hlaupið yfir að Landamótum til foreldra telpunnar og sagt þeim, að hún væri dái.

Einar Illugason vélavirki, Breiðabliki, skýrði svo frá, að klukkan um 1 umræddan dag, er hann var að koma úr mat heiman að frá sér, hafi hann ekið á hjóli niður Bárustíginn. Sá hann þá bifreiðina V-76 koma akandi upp veginn alveg út við vinstri brún vegarins. Er hann var móts við húsið Fagradal, sem er vestan við Bárustíginn, var bifreiðin móts við búðardyrnar á Bárustíg 11. Sá hann þá nokkra krakka koma hlaupandi út úr búðardyrnum. Bifreiðin hélt áfram og var á venjulegri ferð eða eins og hér almennt tíðkast. Krakkarnir stukku út á götuna, og lentu þau fyrir aftan bifreiðina, nema telpan, sem syðst var. Hún fór í hvarf við bifreiðina, en er bifreiðina bar áfram, sá hann, að telpan lá uppi á gangstéttinni, og lafði höfuðið ofan í göturennuna. Kvaðst hann nokkurn veginn viss um, að telpan muni hafa rekizt á vinstra afturhjól bifreiðarinnar, þótt hann sæi það ekki, því bifreiðin skyggði á, en hins vegar kvaðst hann alveg viss um, að hjólið hafi ekki farið yfir hana. Hann nam strax staðar og gekk til telpunnar, og var hún þá meðvitundarlaus. Ýmsa menn bar þarna að, meðal þeirra ákærða, sem var bifreiðarstjórinn á V-76, og hafði hann stöðvað bifreið sína rétt ofan við slysstaðinn. Gerði vitnið ráð fyrir, að ekki miklu meira en billengd hafi verið frá afturenda bifreiðar ákærða að telpunni, þar sem hún lá á gangstéttinni. Var telpan síðan tekin upp af götunni og látin inn í bifreið ákærða, sem ók með hana í burtu.

Matthías Finnbogason vélstjóri, Litluhólum, kvaðst hafa komið gangandi niður gangstéttina austan megin við Bárustíginn um kl. 1 e. h. umræddan dag. Veitti hann þá athygli bifreið, sem kom akandi upp Bárustíginn, sem sé á móti honum. Bifreiðin ók á vinstra vegarhelmingi alveg við göturennuna eða í ca 50 cm fjarlægð frá gangstéttarbrún. Þetta var bifreið ákærða V-76. Hún var ekki á hraðri ferð, og gerði vitnið ráð fyrir, að hraðinn hafi ekki verið yfir 20 km á klukkustund, en þar nálægt. Hefði hraðinn verið minni en hér tíðkast um frjálsar

götur. Annars kvaðst vitnið ekki vant að áætla hraða bifreiða, og væri því áætlun sín um hraða bifreiðarinnar ekki örugg. Er vitnið var komið móts við búðargluggann á Bárustíg 11, var framendi bifreiðarinnar að komast móts við vitnið. Í sama bili hafi 2 telpur komið hlaupandi út úr búðinni. Sú telpan, er á undan var, hafi strax beygt til hægri, er hún kom út fyrir dyrnar, og hlaupið út á götuna fyrir aftan bifreiðina. Hin telpan, sem síðari var, hafi verið á meira kasti og hlaupið beint áfram út úr dyrunum, og skipti það engum togum, að hún kastaðist á bifreiðina. Virtist vitninu, að telpan stigi með öðrum fætinum niður í göturennuna og hrapaði um leið fram yfir sig og lenti með höfuðið á vinstra afturhjólinu. Kastaðist telpan þá áfram, í sömu átt og bifreiðin ók, og féll á ská niður á gangstéttina nokkru ofar með höfuðið niður í göturennuna, en fætur hennar sneru í áttina að búðarglugganum. Telpan tókst á loft í fallinu. Áreksturinn varð beint fram af búðardyrnunum, og var telpan ekki farin að beygja neitt til hægri, svo vitnið sæi, er hún varð fyrir bifreiðinni. Bifreiðin var á óbreyttri ferð, er áreksturinn varð, en rétt ofan við slysstaðinn nam hún staðar, voru þá ca 6 metrar frá afturenda hennar að staðnum, þar sem telpan lá á götunni. Telpan var meðvitundarlaus, og blóð rann úr vitum hennar, að því er vitninu virtist. Einhver tók hana síðan upp og bar hana inn í bifreið ákærða, er ók með hana í burtu.

Við síðari yfirheyrslu í málinu breytti vitnið framburði sínum á þá leið, að það þyrði ekki að fullyrða, að telpan, sem fyrir slysinu varð, hafi verið sú, sem síðar kom út úr búðardyrnunum, en þó haldi það, að svo hafi verið. Eins kveðst það ekki þora að segja um, hvort höfuð telpunnar hafi lent á bifreiðinni, en með sjálfu sér hafi það haldið, að hægri hlið höfuðs telpunnar hafi lent á framanverðu afturhjólinu, en hvort það var raunverulega svo, kvaðst það ekki geta sagt um.

Önnur vitni en þau, er nú hafa verið tilgreind, komu ekki á vettvang, fyrr en slysið var um garð gengið, og gátu þar af leiðandi ekkert sagt um, hvernig það atvikaðist.

Bifreið ákærða var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni þegar eftir slysið, og reyndist hún í góðu lagi, bæði hemlar, stýrisútbúnaður og girskipting og yfirleitt hvað eina. Svo athugaði bifreiðaeftirlitsmaðurinn einnig, hve hratt væri unnt að aka bifreiðinni á 3. gir, og kvaðst hann hafa getað pínnt hana upp í 30 km hraða, en það hafi ekki verið nein keyrsla. Sómasamlega keyrslu á 3. gir á bifreið þessari kvað hann vera 18—20 km, en ekki þar yfir.

Þar sem slysið vildi til, er Bárustígurinn sléttur og mishæðalaus. Vegurinn er malborinn með steypum göturennum beggja vegna og steypum gangstéttarbrúnum. Hvorki snjór né ísing var á veginum í umrætt skipti. Vegurinn er 7 metrar á breidd milli gangstéttarbrúna og göturenna sitt hvorum megin 49—50 cm á breidd. Húsið Bárustígur 11 stendur austan megin götunnar nálægt henni miðri, og er búðin á götuhæðinni. Steypt gangstétt er fyrir framan búðardyrnar í sömu hæð og búðargólfíð. Breidd gangstéttarinnar er 280—290 cm, og beint út frá

búðardyrnum frá þröskuldinum í búðardyrnum út að gangstéttarbrún eru 290 cm. Eftir slysið var blóðpollur í göturennunni, þar sem höfuð telpunnar lá, og frá þeim stað að hornréttri línu á miðjar búðardyrnar voru 290 cm, mælt eftir gangstéttarbrúnni. Ekki er ljóst, hvernig telpan lá á gangstéttinni eftir slysið. Matthías Finnbogason kvaðst halda, að hún hafi legið á hægri hlið, en öllu meir á grúfu, og hafi snúið baki að götunni. Ákærði og Ólafur E. Jónsson kvaðust hins vegar halda, að hún hafi legið á vinstri hliðinni. Því siður hefur verið unnt að upplýsa, hvort telpan hafi fengið höfuðhöggið, er leiddi hana til bana, við árekstur á bílinn eða við það að falla í götuna eftir áreksturinn. Læknirinn, sem athugaði meiðsli hennar, kvað ekki unnt að segja um þetta með vissu, en taldi þó hið síðara líklegra, þar sem áverkarnir hefðu verið mestir vinstra megin á höfðinu, en sennilegt væri eftir atvikum, að vinstra afturhjóli bifreiðarinnar hefði lent á telpunni hægra megin.

Meðan frumrannsókn málsins stóð yfir og allt þangað til mál var höfðað, hagaði ákærði framburði sínum á þann veg, að ljóst var, að hann gerði ráð fyrir, að önnur telpan, sem hann sá koma út úr búðinni, hefði orðið fyrir bifreið hans. En eftir að málssókn var hafin, hefur það verið haft á orði og ákveðið haldið fram af verjanda hans, að ákærði hafi alls ekki séð telpuna Guðbjörgu Ósk fyrir slysið, heldur hafi hann aðeins séð telpurnar, sem með henni voru. Er þetta byggt á því, að þegar tekið sé tillit til þess, hvar bifreiðin var, er ákærði sá telpurnar, hvar telpurnar voru, hraða bifreiðarinnar og hugsanlegs hraða telpnanna, sé útilokað, að af árekstri hefði getað orðið. Hljóti því Guðbjörg Ósk að hafa verið komin að bifreiðinni og í þann veginn að verða fyrir henni, er ákærði sá telpurnar koma út úr búðardyrnum, enda kom það fram í framburði Ágústu Pétursdóttur, að Guðbjörg Ósk hefði farið fyrst út úr búðinni. Við þetta er það að athuga, að hér er um mjög litlar fjarlægðir og mjög skamman tíma að ræða, og ákvörðun ákærða á stað bifreiðarinnar, er hann sá telpurnar koma út úr búðardyrnum, byggð á ágizkunum, eins og hann sjálfur viðurkennir. Af þessum ástæðum verður ekki unnt að ganga út frá, að ákærði hafi ekki orðið Guðbjargar litlu var fyrir slysið. Virðist hið gagnstæða einmitt sennilegra, þar eð ekkert hefur komið upp, er gefi til kynna, að neitt sérstakt hafi tekið athygli ákærða, er hann ók fram hjá búðardyrnum.

Í búðinni á Bárustíg 11 er blaðasala og blaðaafgreiðsla, auk þess sem þarna eru seldar alls konar búðarvörur. Þarna er oft margt af fólki, bæði inni í búðinni og fyrir utan, og ber því að sýna fyllstu aðgæzlu, er ekið er framhjá búðardyrnum, og haga keyrslunni þannig, að unnt sé að stöðva bifreiðina fyrirvaralaust. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, verður ekki talið sannað, að ákærði hafi ekið hraðar í umrætt skipti en leyfilegt var, en hins vegar bar honum að nema staðar, þegar er hann sá telpurnar koma út úr búðinni, með því að honum mátti vera ljóst, að hætta gat verið á slysi, og sérstaklega þar sem honum virtist telpurnar vera á þeirri ferð, sem börn geta hraðast farið,

miðað við þær aðstæður, er þarna voru fyrir hendi, eins og segir í fram-
burði hans. En hafi ákærði ekki orðið telpunnar var fyrir slysið, sem
raunar er tæpast hægt að ætla, hefur hann gert sig sekan um víta-
verðan skort á aðgæzlu, þar sem honum bar að hafa vakandi auga með
búðardyrnum, er hann ók framhjá. Telja verður því, að hvort sem
ákærði varð telpunnar var fyrir slysið eða ekki, sé ljóst, að ákærði
hefur gerzt brotlegur við 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní
1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941 og hafi þar með
orðið valdur að dauða telpunnar fyrir vitavert gáleysi og unnið til
refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing
hans samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga
og 14. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 2500 króna sekt í ríkissjóð,
er ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en
sæta ella varðhaldi í 25 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökurétti í
6 mánuði frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða og
þar á meðal kr. 350.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér
fyrir réttinum, Jóns Eiríkssonar hdl.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ármann Ó. Guðmundsson, greiði kr. 2500.00 í sekt í
ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella
varðhaldi í 25 daga.

Hann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá deginum í dag að
telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, og þar á
meðal kr. 350.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns
Eiríkssonar hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.